

Nd.

236. Nefndarálit

[113. mál]

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ráðslag núverandi ríkisstjórnar hefur einkennst af stefnuleysi og óstjórn á öllum sviðum þjóðarbúskaparins. Hvergi hefur óstjórnin orðið jafnaðrífarið og kostnaðarsöm og á sviði orkumála, og hefur þó ekkert verkefni verið jafnbrynt á undanförunum árum og að stefna markvisst að því að nýta innlenda orku, hvar sem því yrði við komið, í stað innfluttrar olíu. Orkuráðherra hefur sóað 10—20 milljörðum króna með óraunsæjum framkvæmdum við Kröflu og með því að láta Sigölduvirkjun framleiða orku án markaðar. Orkubú Vestfjarða er eitt dæmið um óstjórnina og samhengisleysið. Stofnlína til Vestfjarða hefði þurft að vera komin í gagnið, en lagning hennar hefst ekki fyrir en á næsta ári, og því eru orkumál Vestfirðinga í úlfakreppu.

Verðjöfnunargjald á raforku hefur átt að stuðla að því rétta markmiði að heildsöluverð á raforku verði hið sama um land allt, og þá stefnu styð ég. Markinu verður þó ekki endanlega náð fyrir en þjóðin öll býr við samtengt orkuveitukerfi. Að skipta verðjöfnunargjaldinu milli landshluta án samtengingar er fálmi í myrkri og getur ekki leitt til annars en óskapnaðar.

Vandamál Vestfirðinga á sviði orkumála eru mikil og vandleyst næstu árin vegna sjálfskaparvitis núverandi ríkisstjórnar. Ekkert kemur að gagni á næsta ári nema bráðabirgðaúræði sem þó verða fálmi út í bláinn. Sá mikli meiri hluti Alþingis, sem búið hefur vandann til, verður einnig að bera ábyrgð á fálminu; það er ekki unnt að leysa vandamál Vestfirðinga án samhengis við orkuvandamál þjóðarinnar í heild. Því er afstaða minni hlutans sú, að stjórnarflokkarnir fái einir við að kveða niður draug sinn að þessu sinni, og mun ég sitja hjá við afgreiðslu þess þáttar málsins.

Alþingi, 19. des. 1977.

Magnús Kjartansson.